

Vilhjálmur Árnason heimspekingur

Í minningu Marx

Sú saga var sögð í „Skrárgati“ Þjóðviljans á dögnum að Ólafur Hannibalsson í Selárdal hefði einhvern tíma látið eftirfarandi orð falla um bróður sinn, Jón Baldvin, þegar honum var hælt fyrir afskipti sín af vandamálum heims og þjóðar: „Jón bróðir leysir engan vanda, hann bara skilgreinir.“ Mér dattu þessi orð í hug þegar ég fór að velta því fyrir mér með hvaða hætti borgaralegur heimspekingur gæti minnst Karls Marx, en á yfirborðinu er þessi dómur Ólafs yfir Jóni Baldvini sá sami og Marx felldi yfir heimspekinni í elleftu greininni um Feuerbach: „Heimspekingarnir hafa aðeins skýrt heiminn á ýmsa vegu. Það sem máli skiptir, er að breyta honum.“ Með þessu er Marx raunar ekki að halda því fram — eins og legið gæti í orðum Ólafs — að ekki sé mikilvægt að skýra hlutina og skilgreina, heldur hinu að túlkanir einar og útlistanir séu fánýt og tilgangslítill ef þeim er ekki á einhvern hátt fylgt eftir í verki. Á hinn bóginn er það jafnaugljóst að það starf hlýtur alltaf að taka mið af ákveðnum túlkunum — skýringum og skilgreiningum — á manninum og þjóðfélagi hans. Það eitt er því alls ekki nóg að túlkunum sé fylgt eftir í verki; túlkanir sjálfar verða að gefa raunsanna mynd af þeim veruleika eða þeim heimi sem við byggjum. Ef útskýringar manna afskræma veruleikann er eins gott að þeim sé ekki hrint í framkvæmd, nóg er af svo góðu fyrir. Í ljósi þessa er óhætt, til dæmis, að draga þá ályktun að Jón bróðir hafi skapað meiri vanda en hann hefur leyst eftir að hann skellti sér út í pólitík til þess að breyta heiminum, og hefði því betur haldið sig við skilgreiningariðu sína eina saman.

Í fyrrnefndum greinum sínum um Feuerbach leggur Marx á það sérstaka áherslu að bæði frumspeki- leg efnishyggi og hughyggi hafi rangtúlkað veruleika mannsins. Báðar þessar skýringar á manninum missa sjónar á sérkennum hans að dómi Marx. Marx leggur á það áherslu að hvorki sé hægt að líta á mannlegan veruleika sem óvirka afurð efnislega aðstæðna né sem einbert vitundarstarf óháð félagslegum og efnahagslegum aðstæðum, heldur beri að skoða veruleika mannsins sem virka starfsemi sem er í senn skapandi og aðstæðubundin. Starfsemi mannsins er skapandi í þeim skilningi að hann er sifellt að móta aðstæður sínar með verkum sínum, jafnvel þótt við núverandi skilyrði geri hann það hvorki af vilja né vitund. Starfsemi mannsins er aðstæðubundin í þeim skilningi að hún afmarkast jafnan af þeim félagslegum aðstæðum og efnahagslegu skilyrðum sem hún býr við hverju sinni og verður því ekki skilin nema í ljósi þeirra. Þegar lítið er með þessum hætti á hin sívirku og gagnkvæmu tengsl mannlegrar starfsemi og raunverulegra aðstæðna — þegar í raun er lítið á veruleika mannsins sem heild þeirra félagslegu tengsla sem starfsemi hans afmarkast af — er ljóst að allri umræðu um bætt mannlíf og manneskjulegt þjóðfélag er beint í ákveðinn farveg. Slík umræða hlýtur óhjákvæmilega að beinast að hinum raunverulegu skilyrðum fólks við líf þess og störf,

að vettvangi daglegs lífs og þeim öflum sem honum ráða. Sú krafa að skapa fólki mannsæmandi lífs-skilyrði er í senn sú krafa að skapa skilyrði fyrir mannlega starfsemi — starfsemi sem ekki er drepin í


fylkingar eftir því hvort þeir aðhyllast kenningar þeirra eða ekki. Þegar maður síðan ætlar sér þann sýnilega einfalda hlut að minnst manns, þá stendur maður frammi fyrir heilli öld ólíkra túlkana á því



dróma félagslegs óréttlætis og ómannlegrar vinnu, heldur starfsemi sem í raun er skapandi í þeim skilningi að hún sér tilgang í verkum sínum og skynsamlegt skipulag í aðstæðum sínum í heild.

Þegar hugsun Marx er séð undir þessu sjónarhorni er óhætt að segja að túlkun Marx á manninum og skýring hans á heiminum hafi ekki snúið baki við heimspekinni, heldur leggi hún fyrst og fremst áherslu á að framkvæma hana. Eða, eins og Marx sagði reyndar sjálfur, það er ekki hægt að útrýma heimspekinni án þess að láta hana rætast. Það sem máli skiptir er að heimspekin hætti að líta á sig sem einangrað fyrirbæri, sem dregur sig í hlé frá skarkala heimsins með skilgreiningar sínar og skólaspekileg „vandamál“, og hún beinist í staðinn á gagnrýnan hátt að þeim veruleika sem hún er sjálf hluti af. Á þann veg einan munu heimspekilegar túlkanir á veruleikanum samtvinna kröfunni um breytingu á heiminum.

En hvað segja hagleiðingar af þessu tagi okkur um þann mann sem við minnumst hér í kvöld? Myndu ekki orð eins og þessi falla gersamlega dauð fyrir eyrum flestra þeirra sem minnst Marx sem boðbera byltingar og athafna fremur en sem heimspekings? Hver er sá Marx sem menn minnst nú á hundrað ára dánarafmæli og fyrir hvað ber hans helst að minnst? Það er alltaf erfitt að svara slíkri spurningu, en þó sérstaklega þegar um er að ræða þá hugsuði sem stýr hefur staðið um alla tíð. Þeir menn sem á einhvern hátt hafa breytt heimsmýndinni og þar með knúið okkur til að sjá veruleika okkar í nýju ljósi, verða gjarnan að bitbeini sögunnar þar sem menn skiptast í



þeirra vandamála sem heiminn hrjá á okkar tímum. Þeir fyrrnefndu eiga það að öllum líkindum sameiginlegt að kalla sig „and-Marxista“, þótt að öðru leyti séu þeir af misjöfnu sauðahúsi, en hinir síðarnefndu myndu sennilega sætta sig við samheitið „Marxistar“, að því tilskildu að við það yrði bætt ólíkum forskeytum eða viðskeytum eftir því nákvæmlega hvaða Sannleikur hefði orðið ofan á. Það hryggilega við þessa skiptingu — sem á engan hátt er tæmandi hvorki m.t.t. fylgismanna Marx eða andstæðinga — er að í fyrrnefnda hópnum er oft að finna fólk, þ.á.m. verkamenn sem virkilega vill breyta heiminum í þá átt sem Marx benti til, en myndi aldrei fyrir sitt litla líf vilja tengja hugmyndir sínar við nafn hans. Í hópi „Marxistanna“ hins vegar eru oft áberandi þeir sem kunna því best að skilgreina sjálfa sig og aðra í ljósi nafna og hugmynda, en missa jafnframt sjónar á því markmiði að breyta heiminum. Það verður gjarnan hlutskipti þeirra sem dýpst hugsa og lengst sjá að öðlast vinsældir grunnhygginnar og skammsýnna lærisveina sem nefna nafn þeirra með lotningu og finna sjálfum sér hlutverk í lífinu samkvæmt því. Enda segir Engels frá því á einum stað að Marx hafi þegar í lifanda lífi séð ástæðu til þess að lýsa því yfir að hann væri ekki Marxisti. Maður gæti rétt imyndað sér — ef hann í afmælisgjöf ætti kost á skreppitúr til samtímans — hvernig honum félli þessi nafngift í dag, þegar hugsun hans hlýtur oft sú örlog að standa í slagorðum og stimplum, sem menn beita fyrir sig

ýmist sem hrós- eða skammaryrðum.

Fjodor Dostojevski segir frá því í sögu **Karamázlovbræðra** hvernig hugsuð mætti sér viðbrögð kirkjunnar ef Kristur fyndi upp á því einn daginn að sýna sig mitt á meðal manna. Þegar Kristur tekur til við að útbreiða kærleiksboðskap sinn og fremja kraftaverk á fólki, láta kirkjunnar menn þegar í stað taka hann höndum og færa í fangelsi. Lýkur viðureign Krists við kirkjuna með þeim hætti að hann er dæmdur til þess að vera kastað á bálið. Ég hef stundum gælt við þá hugsun hvernig snúa mætti þessari dæmisögu upp á sambengið á milli hugsjóna Marx og þess veruleika sem svonefndir fylgismenn hans hafa skapað, til dæmis í landi Dostojevskis. Maður gæti, með öðrum orðum, velt því fyrir sér hver viðbrögðin yrðu í herbúðum þeirra, sem í orði kveðnu þreytast aldrei á að kenna sig við Marx, ef hugsun hans yrði að lifandi afli meðal fólksins sjálfs í löndum þeirra. Reyndar höfum við dæmin fyrir okkur og það nærtækasta er e.t.v. atburðir síðustu mánaða í Póllandi. Það er sorglegt þegar menn líta á átök af því tagi sem þar hafa átt sér stað sem skipbrot þess skipulags sem af fjölmörgum ástæðum — og af ýmsum réttilega — hefur verið kennt við nafn hans. En sú hugsun sem Marx setti fram verður aldrei njörfuð niður við eitthvert ákveðið skipulag; hún birtist öllu heldur í rás sögunnar, í athöfnum þeirra sem berjast fyrir mannsæmandi lífi og starfsvettvangi. Sjálfur boðaði Marx látlausu gagnrýni á allar aðstæður okkar og í þeim skilningi var hann endurskoðunarsinni í bestu merkingu þess orðs. Jafnvel þótt Eining manna í Póllandi myndi beinlínis kalla andóf sitt and-Marxískt athæfi, þá breytti það engu um það að þar er hugsun Marx lifandi komin. Því það skiptir á endanum ekki máli hvernig mennirnir skilgreina sjálfa sig og aðra; það sem máli skiptir er hvað þeir gera. Það er í gjörðum þeirra sem túlkun manna á aðstæðum sínum kemur fram og þar með breytingin á heiminum.


(Flutt á Marx-hátíð Samfélagsins í Félagsstofnun Stúdenta 18. 2. 1983)

Skilafrestur
í næsta
blað
er til
30
mars

Þessi auglýsing **83**
er um meiri peninga
en þig órar fyrir

Vinningaskrá fyrir árið 1983	
9 @	500.000,-
9 -	100.000,-
9 -	50.000,-
198 -	30.000,-
2.760 -	10.000,-
28.905 -	2.000,-
103.320 -	1.250,-
134.550 -	5.000,-
450 -	
135.000 -	
	4.500.000,-
	900.000,-
	450.000,-
	5.940.000,-
	27.090.000,-
	56.610.000,-
	129.150.000,-
	224.550.000,-
	2.250.000,-
	226.800.000,-

4½ milljón
á eitt
númer



Við erum að tala um tæpar 227 milljónir króna, eða þá upphæð sem HHI mun greiða vinningshófum á árinu í beinhorðum peningum.

Þegar þú hefur í huga, að ekkert annað happdrætti í heiminum hefur hærra vinningshlutfall og að til jafnaðar kemur vinningur á fjórða hvern miða, - finnst þér þá ekki kominn tími til að slást í hópinn?



HAPPDRETTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS
HEFUR VINNINGINN